



Rekstrarstöðvunartrygging vegna slysa og/eða sjúkdóma

Vátryggingarskilmálar nr. SR50

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. SR50.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit:

1. Vátryggður
2. Vátryggingin gildir
3. Hugtakið slys
4. Bótasvið
5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
6. Greiðsla iðgjalds
7. Endurgreiðsla iðgjalds
8. Vátryggingarfjárhæð
9. Ákvörðun bóta
10. Aldurstakmörk
11. Tvítrygging
12. Fyrning

1. Vátryggður

Vátryggður er sá sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir:

- 2.1 Á Íslandi.
- 2.2 Hvar sem er í heiminum í allt sex mánuði talið frá brottfarardegi frá Íslandi, nema um annað sé samið.

3. Hugtakið slys

Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans.

4. Bótasvið

Félagið greiðir:

- 4.1 Bætur ef stöðvun verður á rekstri vátryggðs vegna sjúkdóms og/eða slyss er hann verður fyrir. Slysið eða sjúkdómurinn verður að valda því að vátryggður verði með öllu óvinnufær og hafa í för með sér algera fjarvist hans af vinnustað á bótatímabilinu.

Bótapættir sem vátryggingin tekur til koma fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

- 4.2 Kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við vátryggingaratburð þegar þeirra er aflað að beiðni félagsins.

- 4.3 Það er skilyrði bótaskyldu úr vátryggingu þessari að fyrir hendi sé slysatrygging eða sjúkra- og slysatrygging hjá félaginu sem greiðir bætur vegna þess slyss eða sjúkdóms sem olli rekstrarstöðvuninni.

Félagið greiðir ekki bætur:

- 4.4 Ef vátryggður verður óvinnufær að hluta, hlýtur varanlega örorku eða andast.

5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 5.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 5.2 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppbots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 5.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

6. Greiðsla iðgjalds

- 6.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.



6.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu váttryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

7. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli váttryggingarsamningur úr gildi áður en váttryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem váttryggður hefur greitt fyrir og váttryggingin er ekki í gildi.

8. Váttryggingarfjárhæð

Váttryggingarfjárhæð kemur fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

9. Ákvörðun bóta

9.1 Félagið greiðir eftirfarandi tjón sem rekstrarstöðvunin hefur í för með sér:

9.1.1 Vinnulaun sem váttryggðum ber að greiða á bótatímabilinu samkvæmt gildandi kjarasamningum þrátt fyrir stöðvun á rekstrinum.

9.1.2 Fasta kostnaðarliði sem ekki falla niður þótt starfsemin stöðvist og koma fram í váttryggingar-skírteini eða endurnýjunarkvittun.

9.2 Bætur greiðast frá þeim degi sem váttryggður er talinn óvinnufær og þar til hann hefur endurheimt starfsorku sína, þó ekki lengur en í þann hámarksbótatíma sem fram kemur í

váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun að frádrögnum biðtíma sem þar er tilgreindur.
9.3 Með biðtíma er átt við það tímabil sem samkvæmt váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun á að líða frá upphafi sjúkratímabils þar til greiðslur hefjast. Fyrir þetta tímabil eru ekki greiddar bætur.

10. Aldurstakmörk

Váttryggingin fellur úr gildi þegar eitt ár er liðið frá fyrsta gjalddaga eftir að váttryggður náði 64 ára aldri, nema um annað sé samið.

11. Tvíttrygging

11.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina váttryggingu getur váttryggður valið hvaða váttryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.

11.2 Ef fleiri en eitt váttryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 11.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

12. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er váttryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er váttryggingaratburður varð.

Váttryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006.